

Gunnar Sigurðsson, skipuðum verjanda sínum yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen, 15 kr. málsvarnarlaun, og ákærði Þórður Kolbeinsson skipuðum verjanda sínum yfirréttarmálaflutningsmanni Lárusi Fjelsted 15 kr. málsvarnarlaun. Annan málskostnað, þar með talinn 25 kr. málssóknarlaun sækjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar greiði Gunnar Sigurðsson að $\frac{4}{5}$ hlutum og $\frac{1}{5}$ hluta in solidum með Þórði Kolbeinssyni.

Dæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. apríl 1915.

Nr. 10/1915.

Réttvisin

gegn

Jóni Pálma Jónssyni

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 21. jan. þ. á. var ákærði, Jón Pálmi Jónsson, ljósmyndasmiður á Sauðárkrók, dæmdur samkvæmt 266. gr. almennra hegningarlaga í $2\frac{1}{2}$ árs betrunar-

hússvinnu fyrir eftirmyndun peningaseðla þjóðbankans danska. Svo skyldi ákærði og greiða allan kostnað sakarinnar, meðal annars skipuðum verjanda sínum í héraði, Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum 12 kr. málsvarnarlaun.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdóms að ósk ákærða.

Málavextir eru, samkvæmt játningu ákærða og öðrum skýrslum, þeir, sem nú skal greina: Ákærði hefir frá því í desembermánuði 1913 og til októbermánaðar loka 1914 eftirmyndað eigi allítið af 10 kr. og 100 kr. seðlum þjóðbankans danska, og notaði til fyrirmyndar 100 kr. eftirmyndunum seðil frá 1910 og til fyrirmyndar 10 kr. eftirmyndunum seðil frá 1911. Það er eigi staðreynt, hve margar eftirmyndir ákærði hefir búið til af hvorum seðlinum um sig, en ætla má, að eftirmyndirnar af 100 kr. seðlinum hafi verið eigi færri en 17 og eigi færri en 14 af 10 kr. seðlinum. Ákærði eftirmyndaði seðlana með því móti, að hann tók mynd á venjulega ljósmyndaþlötu af fram- og afturhlið réttis seðils, framkallaði myndirnar á venjulegan hátt, en þó með líkum litum, á algengan ljósmyndapappír og límdi síðan samstæðar fram- og afturhliðar ljósmyndanna saman á bökunum, en hafði þó áður núið nokkuð uppúr afturhlið myndapappirsins, til þess að eftirmynduðu seðlarnir yrðu ekki alt of þykkir. Ákærði byrjaði með því að eftirmynda 10 kr. seðil og tók eigi til eftirmyndunar 100 kr. seðils fyrr en hann þóttist genginn úr skugga um, að sér hefði lánast að gera 10 kr. seðils eftirmyndina viðunanlega úr garði. Hann

tók 5 plötur af framhlið og 7 plötur af afturhlið 10 kr. seðla, og voru þrjár seðlafyrirmyndirnar sín með hverju númeri, en eftirmyndir þær, sem fram hafa komið, hafa þó allar upprunalega verið gerðar eftir sömu fyrirmynd, seðli nr. 9236331 E, en ákærði breytti síðar númerunum á flestum þeirra, skrifaði með bleki ofan í 1 tölustaf eða 2 í hverju númeri, á einni eftirmyndinni, sennilega af vangá, þó að eins ofan í annað númerið. Af 100 kr. seðlinum tók ákærði 1 plötu af framhlið seðils nr. 1471230, en 2 plötur af afturhlið, og er númerið óbreytt á öllum framkomnum eftirmyndum af þeim seðli, nema á einni. Á henni á öðru númerinu að hafa verið breytt, en sú eftirmynd fylgir ekki málsskjölunum, enda óvíst hver hefir breytt því númeri. Eftirmyndirnar eru misjafnlega vel gerðar, en alstaðar hafa menn vilst á þeim, þar sem þær voru gefnar út, nema á einum stað, og þar höfðu viðtakendur verið aðvarðir. Þær virðast og allar hafa verið til þess fallnar, að blekkja grunlausa menn í venjulegum viðskiftum, enda eru danskir þjóðbankaseðlar, einkum 100 kr. seðlar, ekki algengur gjaldmiðill meðal manna, sízt út um land.

Ákærði hefir borið fyrir sig sér til afbötunar, að hann hafi eigi átt upptök að því, að eftirmynda nefnda seðla í útgáfuskyni, heldur hafi hann gert það að undirlagi Gunnars nokkurs Sigurðssonar veitingamanns á Sauðárkróki, sem dæmdur hefir verið innan lögsagnarumdæmis Snæfellsness- og Hnappadalssýslu samsekur í glæp ákærða, samkvæmt 48. gr. hegningarlaganna, í 2 ára betrunarhússvinnu. Þá

heldur ákærði því fram, að Gunnar Sigurðsson hafi hjálpað sér lítilsháttar við eftirmyndunina, meðal annars með því að lána sér rétta seðla til fyrirmyndar. Og enn telur ákærði enga fasta samninga hafa komist á milli sín og Gunnars um skiftingu væntanlegs ágóða af útgáfu eftirmyndanna. Ákærði og Gunnar hafa eigi verið samprófaðir. En Gunnar hefir stöðugt og eindregið neitað þessum varnarástæðum ákærða, og hvað sem öðru líður, þá mundu þær ekki skifta máli um ábyrgð ákærða, þótt sannaðar væru. Það má nú að vísu ætla, að ákærði hafi eigi gert fyrstu mynd af 10 kr. seðlinum í útgáfuskyni. En hitt má telja víst og sannað, að hann hafi gert allar eftirmyndirnar af 100 kr. seðlinum og megnið af eftirmyndum 10 kr. seðilsins, jafnvel eftir að hann og Gunnar voru orðnir ásáttir um að gefa eftirmyndirnar út, sem rétta peningaseðla, enda breytti ákærði númerinu á flestum eftirmyndum 10 kr. seðilsins, vitanlega til þess að gera þær útgengilegri. Ákærði hefir og játað því, að hann hafi gert eftirmyndirnar með vitund um, að gefa hafi átt þær út sem peningaseðla, meira að segja einu sinni kannast við það, að þeir Gunnar hafi þegar »í fyrravetur« — en þá hafði ákærði ekki byrjað á eftirmyndun 100 kr. seðilsins — orðið ásáttir um, að skifta væntanlegum ávinningi til helminga og aldrei neitað því, að slík skifti hafi að minsta kosti verið ráðgerð, enda tilbúningur jafnmargra eftirmynda og komið hafa fram lítt skiljanlegur nema því að eins að þær hafi verið gerðar í útgáfuskyni.

Ákærði er því sannur að sök um að

hafa eftirmyndað margnefnda danska þjóðbankaseðla í útgáfuskyni, og má telja víst að hann hafi búið til allar eftirmyndir þær er fram hafa komið í prófunum yfir honum og Gunnari, enda þó að fæstar þeirra hafi verið bornar undir hann.

Héraðsdómarinn hefir með réttu talið ákærða brotlegan gegn 266. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing ákærða, sem náð hefir lögaldri sakamanna og eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt brot, hæfilega metin $2\frac{1}{2}$ árs betrunarhússvinnu, eins og gert er í aukaréttardóminum. Sakarkostnað í héraði greiði ákærði, samkvæmt ákvæði nefnds dóms og að auki allan málskostnað, þar með talin málaflutningslaun sækjanda og verjanda í yfirdómi, 15 kr. hvorum.

Um rekstur málsins í héraði athugast, að samprófa hefði átt ákærða og Gunnar Sigurðsson og sækja sök á hendur báðum í einu lagi. Að öðru leyti hefir rekstur málsins þar verið vítalaus og sókn og vörn í yfirdómi lögmæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Pálmi Jónsson, sæti $2\frac{1}{2}$ árs betrunarhússvinnu og greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum 12 kr. og málaflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í

yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanna Magnúsar Sigurðssonar og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. maí 1915.

Nr. 50/1914

St. Th. Jónsson, Sigurður Jónsson, Þórarinn Guðmundsson og Jón Stefánsson

gegn

Birni Lindal f. h. Mowinckel & Co.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Björn Lindal yfirréttarmálaflutningsmaður á Akureyri fyrir hönd Mowinckel & Co. í Bergen, fyrir gestarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar, með stefnu dags. 28. nóv. 1911, gegn áfrýjendum Stefáni Th. Jónssyni, Sigurði Jónssyni, Þórarni Guðmundssyni og Jóni Stefánssyni, sem eigendum firmans Helgi Björnsson & Co. í Borgarfirði eystra út af upphaflega 2709 kr. 87 aura hárrí viðskiftaskuld, sem að viðbættum vöxtum til 21. nóv. 1911, þá var talin 3043 kr. 17 aur. Áfrýjendurnir gagn-